

KIRKJUGARÐARÁÐ

Fjarfundur

173. fundur haldinn fimmtudaginn 11. febrúar 2020

Pátttakendur voru: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins,

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:00. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Kynning á umsóknum um styrki úr Kirkjugarðasjóði 2021

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti styrkumsóknir. Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands vakti athygli á að minjaverði Austurlands var ekki kunnugt um framkvæmd sem fyrirhuguð er í Hofteigskirkjugarði. Mikilvægt er að ræða við minjavörðinn og vinna verkið í samvinnu við hann. Framkvæmd við Hrepphólakirkjugarð er lokið án aðkomu minjavarðar Suðurlands. Kristín Huld benti á að það hefði átt að hafa samband við hann vegna framkvæmdarinnar. Minjastofnun mun koma á framfæri frekari athugasemdum frá minjavörðum, ef einhverjar eru, á næstu dögum vegna þeirra framkvæmda sem Kirkjugarðasjóður mun styrkja. Fundarmenn þökkðu Guðmundi Rafni fyrir fróðlega og góða yfirferð.

3. Greiðslu- og fjárhagsáætlun Kirkjugarðasjóðs 2021

Guðmundur Rafn Sigurðsson gerði grein fyrir þessum lið. Greiðslu- og fjárhagsáætlunin samþykkt:

4. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2021

Þórsteinn Ragnarsson vék af fundi þegar fjallað var um styrkumsókn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Eftirfarandi styrkúthlutunar samtals að upphæð 64 milljónir samþykktar

Kirkjugarðar	2021 Úthlutun	Verkefni
Austurlandsprófastsdæmi		
Sleðbrjótiskirkjugarður	1.500.000	Bæta aðgengi að kirkju, garði og þjónustuhúsi, bæta lýsingu
Hofteigskirkjugarður	800.000	Endurbóta á kirkjugarðinum, grisjun trjáa, o.fl.
Fellabæjarkirkjugarður	400.000	Hefja endurnýjun á klukknaporti.
Brekkukirkjugarður Mjóafirði	2.500.000	Lagfæring á hlöðnum vegg.

Suðurprófastsdæmi		
Stafafellskirkjugarður í Lóni	600.000	Ganga frá stækkun og girða hana.
Langholtskirkjugarður í Meðallandi	160.000	Viðgerð á sálhliði.
Breiðabólsstaðarkirkjug. í Fljótshlíð	700.000	Til lagfæringa á þremur pottjárnsgrindverkum.
Ólafsvallakirkjugarður	500.000	Endurnýja göngustíg um kirkjugarðinn og grisja gróður.
Stóra-Núpskirkjugarður	2.000.000	Leggja klæðningu á veg og bílastæði.
Hrepphólakirkjugarður	1.400.000	Endurnýja hellu og raflagnir og fjarlægja stóra ösp.
Stóru-Borgarkirkjugarður	1.300.000	Lagfæra steiptan vegg sem umlykur kirkjugarðinn.
Þingvallakirkjugarður	600.000	Leggja stíg úr nátturhllum frá sálhliði og inn í garðinn.
Þorlákshafnarkirkjugarður	3.500.000	Vegna stækkunar kirkjugarðsins.
Kjalarnessprófastsdæmi		
Keflavíkurkirkjugarðar	600.000	Til að bæta umhverfi og brjóta vind í Hólbergskirkjugarði.
Reykjavíkurprófastsdæmi		
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma	20.000.000	Bygging þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði og lagfæra hluta af gömlum vegg sem umlykur Hólavallakirkjugarð.
Vesturlandsprófastsdæmi		
Hvanneyrarkirkjugarður	700.000	Til lagfæringa minningarmarka í kirkjugarðinum o.fl.
Stóra-Vatnshornskirkjugarður	1.000.000	Til endubóta á kirkjugarði og girðingu umhverfis garðinn.
Skarðskirkjugarður á Skarðsströnd	450.000	Lagfæra vegg, endurnýja fánastöng og koma fyrir setbekk.
Vestfjarðarprófastsdæmi		
Reykhólakirkjugarður	1.200.000	Ljúka við að bæta aðgengi að kirkjugarðinum.
Stóri-Laugardalskirkjugarður	900.000	Greiða niður bankaskuld vegna framkvæmda við kirkjugarð.
Mýrarkirkjugarður	650.000	Bæta aðgengi að kirkjugarði, færa sáluhl. og útbúa aksturshl.
Húnav- og Skagafjarðarpr		
Víðidalstungukirkjugarður	700.000	Bæta aðgengi að kirkjugarði og kirkju.
Blönduóskirkjugarður	600.000	Ganga frá kirngum nýreist aðstöðuhús.
Rípurkirkjugarður	700.000	Lagfæra gamlan steiptan vegg.
Silfrastakirkjugarður	500.000	Ljúka við að endurhlaða vegg.
Eyjafji- og Þingeyjarpróf.		
Kg. Dalvík.pr. v/Upsa- og Dalvíkurkg.	2.000.000	Helluleggja stíg í Dalvíkurgarði og girða Upsakirkjugarð.
Kg.Laugal. pr. v/Grundarkirkjugarðs	1.300.000	Endurnýja girðingu á suðurhlið kirkjugarðsins.
Kg.Laugal. pr. v/Hólakirkjugarðs	300.000	Lagfæra kirkjugarðinn á Hólum.
Kg.Laugal. pr. v/Munkaþverárkirkjug..	2.000.000	Áframhaldandi framkvæmda við girðingu umhverfis garðinn
Reykjahlíðarkirkjugarður	2.000.000	Gerð stíga um garðinn og þeir hellulagðir.
Einarstaðarkirkjugarður	300.000	Vegna hreinsunar, lagfæringa og málunar á steiptum vegg.
Kirkjugarðar aflagðir eða án sóknar.		
Arnarbæliskirkjugarður	550.000	
Kirkjubólaskirkjugarður í Langadal	600.000	
Gamli garðurinn á Húsavík	600.000	
Annað		
KGSÍ v/þjónustusamnings	8.500.000	Vegna þjónustusamnings.
Gömul minningarmörk	800.000	Til lagfæringar á gömlum minningarmörkum.
Óráðstafað	1.090.000	Til ráðstöfunar í styrki seinn á árinu ef með þarf.
SAMTALS:	64.000.000	

5. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 18. mars kl. 13:00

6. Önnur mál

1. Kynnt var bréf til formanns kirkjugarðaráðs sem Þórsteinn Ragnarsson sendi fyrir hönd Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma vegna bálstofunnar. Til stendur að danskir aðilar komi og taki bálstofuna út en áætlað er að hún geti starfað næstu fimm til átta árin. Rætt var um hvort taka ætti líkhúsin með í úttektina.

Samþykkt var að Kirkjugarðaráð óski eftir því við dómsmálaráðuneytið að skipuð verði nefnd sem í sitji fulltrúar frá dómsmálaráðuneyti, Kirkjugarðaráði, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæma og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndinni verði ætlað að undirbúa byggingu og rekstur nýrrar bálstofu í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað varðandi bálfarir á Íslandi.

2. Kristín Huld Sigurðardóttir kynnti fyrir nefndinni að unnið væri að stefnumótun í fornminja- og húsvernd hjá Minjastofnun Íslands. Fyrirtækið Stratagem stýrir vinnunni. Kristín Huld óskaði eftir aðilum úr Kirkjugarðaráði til að taka þátt í vinnunni og munu Stratagem menn hafa samband við þá aðila. Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs er þegar kominn á listann, en Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarðsins á Akureyri samþykktu að taka þátt í vinnunni.

Fundi slitið kl. 14:40.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari